

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Gunnars Jakobssonar nefndarritara
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 123/1090
komudagur 23.2.1999

Reykjavík 19.02.1999

tilvísun: 3510R971

Efni: Varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, 226. mál.

Vísað er til bréfs nefndarinnar dags. 12.02. sl. þar sem óskað er umsagnar um nefnt frumvarp. Fram kemur að nefndin hafi ákveðið að óska eftir því að þeir aðilar sem þegar höfðu sent inn umsagnir endurnýji þær.

Þá er og vísað til samtals eftirlitsins við Gunnar Jónsson nefndarritara 18.02. sl. þar sem fram kom m.a. að frestur til að skila umsögnum er til og með 22.02. nk.

Þess ber að geta að Vátryggingaeftirlitið og bankaeftirlit Seðlabanka Íslands voru sameinuð Fjármálaeftirlitinu sem tók til starfa 01.01. sl., er löggin um opinbert eftirlit með fjármála- starfsemi nr. 87/1998 komu til framkvæmda. Vátryggingaeftirlitið sendi nefndinni umsögn um frumvarpið dags. 07.12. sl. Fjármálaeftirlitinu er kunnugt um umsögn Seðlabanka Íslands sem dagsett er þann sama dag.

Með hliðsjón af framanrituðu skal eftirfarandi getið:

Fjármálaeftirlitið styður það frumvarp sem hér er til umræðu. Eftirfarandi ábendingar og athugasemdar skal þó getið.

1) Ábending varðandi 1. gr. frumvarpsins um þá starfsemi sem fellur undir ákvæði laganna. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins munu löggin gilda um starfsemi einstaklinga og lögaðila sem heimild hafa til að veita almenningi þjónustu hér á landi eða erlendis samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og fellur undir einn eða fleiri þeirra tölulíða sem nefndir eru í greininni. Í 14. tölulíði er getið líftryggingarstarfsemi og starfsemi lífeyrissjóða. Í athugasemdum frumvarpsins er þess getið að ýmsar starfsstéttir t.d. lögmenn kunni að falla undir ákvæði laganna. Taka má undir mikilvægi þess að löggin taki til aðila sem sýnt þykir að megi misnota í þágu peningaþvættis, það kann að eiga við ýmsa aðila sem stunda einhverja þá starfsemi sem nefnd er í 1. – 14. tölulíði 1. gr. “enda er nægilegt að starfsemi falli undir einn þessara líða til þess að skylt sé að fara eftir ákvæðum laganna”.

Með hliðsjón af framanrituðu skal getið starfsemi vátryggingamiðlara. Í slíkri starfsemi felst m.a. að undirbúa samninga um vátryggingu, gerð slíkra samninga og aðstoð við framkvæmd þeirra. Vátryggingamiðlari kann að fá umboð til þess að taka við fjármunum t.d. iðgjaldagreiðslum og tjónagreiðslum. Þegar þetta er ritað hafa 31 starfsleyfi verið gefin út á sviði vátryggingamiðlunar, ýmist til lögaðila og/eða einstaklinga. Hér er um ört vaxandi starfsstétt að ræða. Oftar en ekki hafa leyfishafar lagt áherslu á miðlun persónutrygginga, einkum söfnunarlíftrygginga. Eftirlitið telur að starfsemi vátryggingamiðlara á sviði persónutrygginga (líftrygginga) eigi að geta fallið undir 14. tölulíði 1. gr. frumvarpsins sbr. “líftryggingarstarfsemi” m.ö.o. að ekki megi skýra hugtakið “líftryggingarstarfsemi” svo þröngt að það feli einungis í sér starfsemi líftryggingafélaga. Ástæða er til að koma í veg fyrir ágreining og taka afstöðu til þessa í athugasemdum frumvarpsins m.ö.o. hvort átt sé við starfsemi líftryggingafélaga eða líftryggingastarfsemi í víðtækri merkingu.

Í þessari umræðu má og geta váttryggingafélaga sem starfa á sviði skaðatrygginga. Því má halda fram að einhverjum aðila gæti komið til hugar að misnota skaðatryggingafélag í þágu peningaþvættis t.d. með því að kaupa skipatryggingu, starfsábyrgðartryggingu eða greiðsluváttryggingu. Á þessu stigi getur eftirlitið ekki staðhæft að geta skuli skaðatryggingafélaga í 1. gr. frumvarpsins en þeirra er hér getið til umhugsunar. Það er e.t.v. fullnægjandi að skaðatryggingafélög falli undir lögin ef þau taka upp starfsemi í einhverjum tölulíð 1. gr. frumvarpsins.

2) Athugasemd vegna orðalags 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins um "samræmdar starfsaðferðir".

Fjármálaeftirlitið leggur til að í stað orðanna "...sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðli að framkvæmd laganna" í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins komi: "...setja sér verklagsreglur er stuðli að framkvæmd laganna."

Í 12. gr. reglugerðar nr. 272/1994 um hlutverk fjármálastofnana við aðgerðir gegn peningaþvætti, er notað sama orðalag og í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Ákvæðið mun hafa verið túlkað á þann veg að fjármálastofnunum beri að setja sér verklagsreglur vegna þessa. Fjármálaeftirlitið telur því eðlilegt að gera þá breytingu sem lögð er til.

Að öðru leyti hefur Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir eða ábendingar fram að færa.

Eftirlitið veitir fyllri upplýsingar um framanritað verði þess óskað.

Virðingarfyllst

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ